

Hestatrygging

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit**I. Inngangur 5****II. Sameiginleg ákvæði 5**

1. gr.	Vátryggjandi.....	5
2. gr.	Hvað er vátryggt?.....	5
3. gr.	Hverjir eru vátryggðir?.....	5
4. gr.	Hvar gildir vátryggingin?.....	5
5. gr.	Slys.....	5
6. gr.	Sjúkdómur.....	5
7. gr.	Lækniskostnaður.....	5
8. gr.	Læknismeðferð.....	5
9. gr.	Tvítrygging.....	5
10. gr.	Umferðaróhapp.....	6
11. gr.	Tjónsatburður.....	6
12. gr.	Varúðarreglur.....	6
13. gr.	Krufning.....	6
14. gr.	Upplýsingaöflun.....	6
15. gr.	Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar.....	6
16. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu.....	7
17. gr.	Áhættubreyting.....	8
18. gr.	Ráðstafanir til varnar tjóni.....	8
19. gr.	Vátryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar.....	8
20. gr.	Tilkynning um tjón, viðbrögð og ráðstafanir.....	8
21. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning.....	8
22. gr.	Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.....	9
23. gr.	Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts.....	9
24. gr.	Endurkröfuréttur.....	9
25. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	9
26. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði.....	10
27. gr.	Brot á varúðarreglum.....	10
28. gr.	Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun.....	10
29. gr.	Ágreiningur.....	10
30. gr.	Varnarþing.....	10
III. Sjúkrakostnaðartrygging 10		
1. gr.	Vátryggingin bætir.....	10
2. gr.	Vátryggingin bætir ekki.....	11
3. gr.	Vátryggingarfjárhæð.....	11
4. gr.	Eigin áhætta vátryggðs.....	11

5. gr.	Bótakrafa.....	12
--------	----------------	----

IV. Góðhestatrygging 12

1. gr.	Vátryggingin bætir.....	12
2. gr.	Vátryggingin bætir ekki.....	12

Afnotamissistrygging 13

1. gr.	Vátryggingin bætir.....	13
2. gr.	Vátryggingin bætir ekki.....	13

Sameiginleg ákvæði vegna góðhestatryggingar 13

1. gr.	Vátryggingarfjárhæð og bætur.....	13
2. gr.	Ákvörðun bóta.....	13
2. gr.	Aldurstakmörk.....	13

V. Reiðhestatrygging 14

1. gr.	Vátryggingin bætir.....	14
2. gr.	Vátryggingin bætir ekki.....	14

Afnotamissistrygging 14

1. gr.	Vátryggingin bætir.....	14
--------	-------------------------	----

Sameiginleg ákvæði vegna reiðhestatryggingar 15

1. gr.	Vátryggingarfjárhæð og bætur.....	15
2. gr.	Ákvörðun bóta.....	15
3. gr.	Aldurstakmörk.....	15

VI. Kynbótahryssutrygging 16

1. gr.	Vátryggingin bætir.....	16
2. gr.	Vátryggingin bætir ekki.....	16

Afnotamissistrygging 16

1. gr.	Vátryggingin bætir.....	16
2. gr.	Vátryggingin bætir ekki.....	17

Fyl- og folaldatrygging 17

1. gr.	Vátryggingin bætir.....	17
2. gr.	Vátryggingin bætir ekki.....	18
3. gr.	Lok vátryggingar.....	18

Sameiginleg ákvæði vegna kynbótahryssutryggingar 18

1. gr.	Vátryggingarfjárhæð og bætur.....	18
2. gr.	Aldurstakmörk.....	18

VII. Takmörkuð líftrygging 18

1. gr.	Vátryggingin bætir.....	18
2. gr.	Vátryggingin bætir ekki.....	18
3. gr.	Vátryggingarfjárhæð og bætur.....	19
4. gr.	Aldurstakmörk.....	19

VIII. Afnotamissistrygging fyrir kynbótahryssur 19

1. gr.	Vátryggingin bætir	19
2. gr.	Vátryggingin bætir ekki	20
3. gr.	Vátryggingarfjárhæð og bætur	20
4. gr.	Aldurstakmörk	20

Ákvæði um fyl- og folaldatryggingu 20

1. gr.	Vátryggingin bætir	20
2. gr.	Vátryggingin bætir ekki	21
3. gr.	Lok vátryggingar	21

IX. Ófrjósemistrygging fyrir stóðhesta21

1. gr.	Vátryggingin bætir	21
2. gr.	Vátryggingin bætir ekki	22
3. gr.	Vátryggingarfjárhæð og bætur	22
4. gr.	Aldurstakmörk	22
5. gr.	Bótagreiðslur	22
6. gr.	Skráning og upplýsingaskylda	22

X. Ábyrgðartrygging 22

1. gr.	Vátryggingin bætir	23
2. gr.	Vátryggingin bætir ekki	23
3. gr.	Vátryggingarfjárhæð	23
4. gr.	Eigin áhætta vátryggðs	23

I. Inngangur

Í skilmálum þessum er að finna ákvæði um allar váttryggingar í Hestatryggingu Sjóvá svo og sameiginleg ákvæði fyrir þær váttryggingar. Á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun kemur fram hvaða váttryggingar eru í gildi fyrir viðkomandi hest.

II. Sameiginleg ákvæði

1. gr. Váttryggjandi.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er váttryggjandi, hér eftir nefnt félagið í skilmálum þessum.

2. gr. Hvað er váttryggt?

Váttryggingin tekur til þess hests sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

3. gr. Hverjir eru váttryggðir?

Váttryggingartaki er váttryggður. Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins váttryggða. Váttryggingin fellur niður við eigendaskipti að hinu váttryggða, sbr. þó 40. gr. laga nr. 30/2004.

4. gr. Hvar gildir váttryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi.

5. gr. Slyss

Með orðinu slyss er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, eða verknað hestsins sjálfs, sem veldur meiðslum á hestinum og gerist án vilja þess sem annast hann.

6. gr. Sjúkdómur

Með orðinu sjúkdómur er átt við að hesturinn veikist af þekktum og skilgreindum sjúkdómi, sem ekki er sérstaklega undanskilinn í skilmálunum.

7. gr. Lækniskostnaður

Með orðinu lækniskostnaður er átt við greiðslur til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi vegna skoðunar eða meðferðar vegna sjúkdóms og slyss. Ennfremur lyf sem sömu aðilar afhenda eða ávísa vegna sjúkdóma og slysa.

Ferða- og flutningskostnaður vegna meðferðar og skoðunar telst ekki vera lækniskostnaður.

Fóður, fæðubótarefni, heilsu- og hreinlætisvörur og aðrar sambærilegar vörur teljast ekki vera lækniskostnaður.

8. gr. Læknismeðferð

Skoðun og meðferð skal vera í höndum dýralæknis með starfsleyfi á Íslandi og í samræmi við reynslu, sérfræðiþekkingu og viðurkenndar aðferðir á sviði dýralækninga.

9. gr. Tvíttrygging

Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Það félag, sem bætir tjónið, getur endurkrafíð önnur félög hlutfallslega.

Ef váttryggingartaki kaupir aðra váttryggingu fyrir hestinn á gildistíma þessarar váttryggingar ber honum að tilkynna það til félagsins sem hefur þá rétt til uppsagnar váttryggingarinnar.

10. gr. Umferðaróhapp

Ef ekið er á hestinn verður að skila inn upplýsingum um hvaða ökutæki var að ræða. Ef það er ekki vitað skal tilkynna lögreglu um að ekið hafi verið á hestinn og skila lögregluskýrslu til félagsins.

11. gr. Tjónsatburður

Ef tjón er bætt úr líftryggingu eða afnotamissistryggingu falla allar váttryggingar hestsins í Hestatryggingu niður frá tjónsdegi. Ef hesturinn lifir gildir þó ábyrgðartryggingin áfram, ef hún var til staðar þegar tjónið varð. Þegar váttryggingarnar falla niður eru iðgjöldin endurgreidd frá sama tíma, nema iðgjald þessarar váttryggingar sem tjónið er bætt úr. Aldrei eru greiddar bætur vegna sama tjónsatburðar úr líftryggingu og afnotamissistryggingu.

12. gr. Varúðarreglur

- Umhirða hestsins, vistarverur og fóðrun skal vera í samræmi við ákvæði laga um dýravernd nr.15/1994 með síðari breytingum, svo og önnur lög og reglugerðir sem við eiga.
- Fylgja skal reglum sveitarfélaga um lausagöngu. Með eftirliti og viðhaldi girðinga skal kappkosta að halda hestinum innan fyrirhugaðs og löglegs svæðis.
- Hesturinn skal bólusettur fyrir þeim sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja og við eiga á viðkomandi stað eða landssvæði. Jafnframt skulu lyf notuð til að eyða lús, eftir því sem þörf er á.
- Vanda skal umhirðu tanna og hófa og viðhafa reglulega fyrirbyggjandi aðgerðir svo sem röspun tanngadda, járnningar reiðhesta og tálgun og hreinsun hófa. Reyndir járnungamenn skulu járna keppnis- og kynbótahross.
- Ormahreinsun skal fara fram a.m.k. tvisvar á ári eftir ráðleggingum dýralækna.
- Þegar hestur hverfur ber váttryggingartaka að auglýsa eftir honum í fjölmiðlum og standa fyrir leit að honum.
- Váttryggingartaki skal hafa samband við dýralækni eins fljótt og auðið er, ef hesturinn sýnir merki um lasleika eða vanheilsu. Einnig skal tafarlaust hafa samband við dýralækni hraki heilsu hestsins meðan á meðferð stendur. Fylgja skal fyrirmælum dýralæknis hraki heilsu hestsins meðan á meðferð stendur. Fylgja skal fyrirmælum dýralæknis skilyrðislaust á meðan hesturinn er í meðferð hjá honum vegna sjúkdóms eða slyss.

Váttryggingartaki skal halda utan um allar vitjanir og heimsóknir hestsins til dýralæknis.

13. gr. Krufning

Félagið getur farið fram á krufningu telji félagið að það sé nauðsynlegt til að skera úr um bótaskyldu eða orsök fyrir dauða hestsins. Í slíkum tilfellum greiðir félagið krufninguna.

14. gr. Upplýsingaöflun

Við uppgjör tjóns og ákvörðun bótaskyldu er félaginu heimilt að afla upplýsinga hjá dýralæknum um sjúkrasögu og heilsufar hestsins og annað sem skipt getur máli við uppgjör tjónsins.

15. gr. Gildistími – Endurnýjun - Réttur til uppsagnar

Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur váttryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um váttrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða váttryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Endurnýjun og uppsögn

Váttrygging sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja váttryggingarsamningnum upp. Tilkynning þarf að berast félaginu innan eins mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils.

Við sölu á hesti ber váttryggingartaka að segja váttryggingunni skriflega upp án tafar. Ef uppsögn hefur ekki borist félaginu innan 14 daga frá söludegi miðast endurgreiðsla iðgjalda hlutfallslega við afhendingardag

uppsagnar. Vátryggingin gildir ekki fyrir nýjan eiganda, sbr. þó 40. gr. laga nr. 30/2004. Vátryggingarfjárhæðin nemur í slíkum tilvikum í mesta lagi kaupverðinu.

Ef félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna skal tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á vátryggingaskilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef vátryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
3. ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör vátryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan;
4. eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. vátryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. vátryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;

5. ef notkun hins vátryggða eða starfsemi vátryggðs breytist á vátryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. félagið hefði ekki tekið að sér vátrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku vátryggingarinnar;
 - b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurbyggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;

6. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004.

Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp á vátryggingartímanum ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 30/2004.

16. gr. Iðgjaldið - Gjaldagi - Vanskil - Uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur vátryggingin þegar úr gildi, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi.

17. gr. Áhættubreyting

Ef breytingar verða á notkun hins vátryggða hests ber að tilkynna það til félagsins án tafar. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

18. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni

Þegar vátryggingaratburðurinn hefur orðið eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, skal vátryggður reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur haft í för með sér lækkun eða missi bóta, sbr. lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

19. gr. Vátryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar

Í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun er getið um vátryggingarfjárhæðir og fjárhæð eigin áhættu. Þær fjárhæðir fylgja þróun verðlags í landinu og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá upphafsdegi vátryggingartímabilsins. Fjárhæðir eru miðaðar við vísitöluna þegar hún var 677,8 stig. Fjárhæð iðgjalds vátryggingarinnar breytist með sama hætti í samræmi við vátryggingarfjárhæðina eins og hún er á endurnýjunardegi vátryggingarinnar.

Tjón bætast í samræmi við þá vátryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi. Hið sama gildir um eigin áhættu. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

20. gr. Tilkynning um tjón, viðbrögð og ráðstafanir

Ef tjón verður er vátryggðum skylt:

- að kalla til dýralækni án tafar jafnvel þótt á hestinum sé ekki önnur eiginleg sjúkdómseinkenni en sljóleiki og lystarleysi,
- að tilkynna félaginu án tafar um tjónsatvik,
- að láta sjúkan eða slasaðan hest vera í eðlilegri umönnun dýralæknis allan tímann á meðan hann er vanheill,
- að fylgja fyrirmælum dýralæknis eða félagsins um meðhöndlun hestsins,
- að gefa allar upplýsingar og útvega öll gögn sem félagið krefst og geta haft þýðingu við tjónsmatið, þ.m.t. dánarvottorð fyrir aflífaðan hest,
- að beiðni félagsins að sjá um bólusetningu eða sermímeðferð hins vátryggða hests ef smitsjúkdómur hefur brotist út eða ef mikil hættu er á því að slíkur sjúkdómur brjótist út.

Ef vátryggður hestur drepst skyndilega eða slasast svo alvarlega að nauðsynlegt reynist að aflífa hann áður en dýralæknir kemur á staðinn skal fá staðfestingu dýralæknis á atvikum.

Ef ætla má að vátryggður eigi skaðabótakröfu á hendur öðrum aðilum vegna bótaskylds atburðar er honum skylt að gera ráðstafanir til að sanna slíka kröfu, þar á meðal að kveða til lögreglu til rannsóknar á vettvangi slyss.

Við dauðsföll eða ef þörf er aflifunar vegna sjúkdóms skal vátryggður sjá til þess að dýralæknir eða annar sérfræðingur sem félagið samþykkir framkvæmi krufningu og gefi út dánarvottorð.

Ef hestur tapast skal vátryggður án tafar hefja leit, auglýsa eftir hestinum og tilkynna lögreglu um hvarfið, svo og félaginu.

21. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

Vátryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
 2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.
- Krafa vátryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

22. gr. Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem beint eða óbeint orsakast af styrjöld, innrás, aðgerðum erlendra óvina, ófriðaráttökum (hvort sem styrjöld hefur verið lýst yfir eða ekki) borgarastyrjöld, vopnaðri andspyrnu, byltingu, uppreisn, uppreisn gegn yfirvaldi, uppþoti, verkfalli, herstjórn eða valdránsstjórn, herlögum eða herkví eða atvik eða orsakir sem ráða úrslitum um að lýst sé yfir gildistöku herlaga eða umsátursástandi.

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:

1. Jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis;
2. Geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra;
3. Hverskonar vopnum þar sem beitt er frumeinda- eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislaafli eða geislandi efni.

Félagið bætir ekki tjón, kostnað eða útgjöld sem beinlínis eða óbeinlínis stafa af lífefnamengun eða efnamengun vegna hverskonar hryðjuverka, án tillits til hugsanlegra samverkandi orsaka.

Hryðjuverk merkir hér verknað, þar með talið en ekki takmarkað við, valdbeitingu eða ofbeldi og/eða hótun um slíkt, af hálfu einstaklings eða hóps einstaklinga, hvort sem hann eða þeir starfa einir sér eða af hálfu eða í tengslum við ein eða fleiri samtök eða stjórnvöld, ein eða fleiri, og sem framinn er í stjórnálægum eða trúarlegum tilgangi, í hugsjónatilgangi eða í þjóðernislegum tilgangi eða af slíkum ástæðum, þar með talið í því markmiði að hafa áhrif á stjórnvöld og/eða að vekja ótta hjá almenningi eða hjá hluta almennings.

Mengun merkir hér, spillingu, eitrun eða hindrandi og/eða takmarkandi áhrif á notkun hluta og efna vegna áhrifa frá efnasamböndum og/eða lífefnum. Félagið bætir ekki tjón sökum eldgosá, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða, vatnsflóða og annarra náttúruhamfara. Tjón vegna náttúruhamfara eru bætt af Viðlagatryggingu Íslands.

Vátryggingin bætir ekki tjón sem hlýst af brotum á gildandi reglum um varnir gegn smitsjúkdómum í húsdýrum eða öðrum fyrirmælum yfirvalda eða dýralæknis í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni á hestum, eða vegna fyrirmæla yfirvalda um niðurskurð vegna smitsjúkdómafaraldurs, sem stafar af sjúkdómi sem sannanlega hefði fundist þegar vátryggingin gekk í gildi.

23. gr. Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts

Ef vátryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu vátryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.

24. gr. Endurkröfuréttur

Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur.

Vátryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

25. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar**Upplýsingar um áhættuna**

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 3. gr. skilmála þessara.

26. gr. Vátryggður veldur vátryggingaratburði**Ásetningur**

Hafi vátryggður af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

27. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttarnisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta úr vátryggingunni að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

Hafi vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

28. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur vátryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um bótarétt vátryggðs vegna samsvarandi háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hestinum, sbr. lið a. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

29. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

30. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

III. Sjúkrakostnaðartrygging**1. gr. Vátryggingin bætir****Vátryggingin bætir læknskostnað vegna:**

1. Skoðunar og meðferðar hestsins vegna sjúkdóms eða slyss með þeim takmörkunum sem getið er í 2. gr. þessa kafla.
2. Bæklunaraðgerða vegna fæðingargalla fyrir folöld til og með 1 1/2 árs aldurs ef um einhvern eftirfarandi sjúkdóm er að ræða:

Samdrátt í sinum, klofinn hóf eða skekkju í vaxtarlínu fóta (bone axis deviation).

Bætur skv. 2.tl. eru greiddar vegna alls tímabilsins sem viðkomandi meðferð stendur yfir.

Vátryggingin tekur ennfremur til kostnaðar við nauðsynlegan og eðlilegan flutning á hesti til og frá dýralækni.

Sé hryssa einnig líftryggð bætir vátryggingin að auki lækniskostað fyrir folald sem fylgir henni, í allt að þrjátíu daga eftir fæðingu folaldsins.

2. gr. Vátryggingin bætir ekki

Vátryggingin bætir ekki lækniskostnað vegna:

- Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 14 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.
Framangreint ákvæði á einnig við þegar vátryggingarupphæð er hækkuð, það er, eldri vátryggingarfjárhæð gildir.
- Segulómskoðunar (Magnetic Resonance Imaging, MRI) eða sneiðmyndatöku (Computer Tomography, CT)
- Sýnatöku og rannsókna til þess að ákvarða mótefni eða styrk mótefna.
- Fyrirbyggjandi aðgerða og reglulegra skoðana.
- Skoðunar og meðferðar sem ekki er læknisfræðilega nauðsynleg og/eða réttlætanager.
- Óhefðbundinna lækninga. Þó er kostnaður vegna nálastungumeðferða innifalinn sé hún framkvæmd af dýralækni sem hefur réttindi til slíkra lækninga. Kostnaður við lasergeislameðferð er aðeins greiddur ef um er að ræða meðferð á sárum.
- Geldingar eða skurðaðgerðar vegna launeistna (cryptorchidism).
- Meðferðar sem miðar að því að fylja hryssur, t.d. sýnataka, hormónameðferð, skolun á legi eða almenn meðferð í þessum tilgangi.
- Skoðunar eða meðferðar á tönnum, svo og aðgerðar við að fjarlægja úlfatennur (wolf teeth, PM1).
Vátryggingin bætir þó meðferð vegna tannrótartölu og meðhöndlun á tönnum sem brotna vegna slyss.
- Geðlagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra síða (húslasta).
- Járninga. Þó er kostnaður við umbúðir um veikan hóf greiddur ef búið er um hófinn af dýralækni eða ef dýralæknir felur reyndum jármíngamanni að búa um hófinn. Í slíkum tilfellum þarf að senda tilvísun dýralæknisins með bótakröfunni. Bætur eru eingöngu greiddar fyrir fyrstu umbúðir, og eingöngu vegna eftirfarandi sjúkdóma: Hófsperru, holti í sperrilegg (lameness in the radius), beinþynningar, brots og/eða sprungna í hófbeini, hols hófveggjar, sýkingar í hófi, aðskotahlutar í hófbotni og /eða hóftungu, sprungu í hófvegg eða alvarlegra hófskemmda og/eða sára.

Félagið greiðir ekki álag á lækniskostnað vegna þess að leita þurfti til dýralæknis utan vinnutíma, nema brýna nauðsyn hafi borið til.

Félagið greiðir ekki kostnað vegna lyfseðla, reikningsgerðar, vottorða eða sjúkraskýrslugerðar.

3. gr. Vátryggingarfjárhæð

Vátryggingarfjárhæð, sem er hámarksbætur í hverju tjóni, og jafnframt hámarksbætur á hverju vátryggingartímabili kemur fram á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

Þegar talað er um hámarksbætur er átt við bætur, þegar búið er að draga eigin áhættu frá.

4. gr. Eigin áhætta vátryggðs

Í hverju tjóni ber vátryggður í eigin áhættu þá fjárhæð sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

5. gr. Bótakrafa

Með bótakröfu skal skila nákvæmri sundurliðun á kostnaði við meðferð og skoðun. Þar skal einnig koma skýrt fram vegna hvaða hests kostnaðurinn er, með því að láta fylgja upplýsingar um nafn hestsins, uppruna, aldur og einstaklingsmerkingu, svo sem örmerki eða frostmerki auk annarra einkenna hestsins.

IV. Góðhestatrygging**Inngangur**

Vátryggingin innifelur líftryggingu og afnotamissistryggingu.

Líftrygging**1. gr. Vátryggingin bætir**

Félagið greiðir bætur ef:

1. Hesturinn deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
2. Hesturinn er svo sjúkur eða slasaður að aflifun er ráðlögð af dýralækni, þar sem læknismeðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.
3. Hesturinn hverfur og þrátt fyrir auglýsingu og eðlilega leit finnst ekki aftur innan fjögurra mánaða.

2. gr. Vátryggingin bætir ekki

Félagið greiðir ekki bætur ef hesturinn deyr eða aflífa þarf hann vegna þeirra ástæðna sem taldar eru upp í þessari grein:

1. Vegna sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
Framangreint ákvæði á einnig við þegar vátryggingarupphæð er hækkuð, það er, eldri vátryggingarupphæð gildir.
2. Vegna geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
3. Vegna stífkampa, ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt.
4. Vegna spatts.
5. Ef aflífa þarf hestinn vegna fyrirmæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.

Afnotamissistrygging

1. gr. Vátryggingin bætir

- Félagið greiðir bætur ef hesturinn er úrskurðaður ónothæfur til reiðar eða vinnu í kjölfar sjúkdóms eða slyss og hefur sannanlega, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir dýralæknis, tapað til frambúðar eiginleikum sínum sem voru nauðsynlegir til reiðar eða vinnu.
Félagið greiðir ekki bætur fyrr en hesturinn hefur verið felldur.
- Félagið greiðir hlutabætur þegar hestur hefur verið úrskurðaður ónothæfur til reiðar eða vinnu í kjölfar sjúkdóms eða slyss, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir og þjónustu dýralæknis, ef vátryggingartaki kýs að halda hestinum í ljósi þess að hesturinn telst hafa, að mati dýralæknis og að teknu tilliti til dýraverndunarsjónarmiða, náð nógu miklum bata til að lifa áfram.
- Greiði félagið bætur vegna hests sem hefur tapað notagildi sínu en lifir áfram, sendir félagið upplýsingar um minnkað notagildi hestsins til Bændasamtaka Íslands sem skráir þær í WorldFeng.

2. gr. Vátryggingin bætir ekki

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
Framangreint ákvæði á einnig við þegar vátryggingarupphæð er hækkuð, það er, eldri vátryggingarupphæð gildir.
- Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
- Missis eða skerðingar á hæfni hrossins til notkunar við ræktun.
- Þess að hesturinn telst ekki hæfur til ræktunar vegna vandamála er tengjast erfðagalla hans.
- Spatts.
- Stífkrampa, ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt.

Sameiginleg ákvæði vegna góðhestatryggingar

1. gr. Vátryggingarfjárhæð og bætur

Vátryggingarfjárhæð hestsins skal vera jafnhá markaðsvirði hans og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðurkenndum verðleikum.

Vátryggingarfjárhæðir koma fram í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

Krafa umfram markaðsvirði hestsins er ekki greidd, þó að vátryggingarfjárhæð sé hærri en það.

2. gr. Ákvörðun bóta

Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði hestsins á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærri en vátryggingarfjárhæðin.

Hlutabætur samkvæmt 2. tl. 1. gr. afnotamissistryggingar eru alltaf 100.000 kr. lægri en bætur hefðu orðið samkvæmt 1. tl. 1. gr. sömu tryggingar.

2. gr. Aldurstakmörk

Við endurnýjun vátryggingar á því almanaksári sem hesturinn verður 19 vetra lækkar vátryggingarfjárhæð um 20%, án þess að iðgjaldið lækki og síðan um 20% af eftirstöðvum fjárhæðarinnar hverju sinni við endurnýjun eftir það. Vátryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki á því almanaksári sem hesturinn verður 23 vetra.

V. Reiðhestatrygging

Inngangur

Vátryggingin innifelur takmarkaða líftryggingu og afnotamissistryggingu.

Takmörkuð líftrygging

1. gr. Vátryggingin bætir

Félagið greiðir bætur ef:

- Hesturinn deyr af völdum sjúkdóms eða slyss
- Hesturinn er svo sjúkur eða slasaður að tafarlaus aflífun er ráðlögð af dýralækni, þar sem lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.
- Hesturinn hverfur og þrátt fyrir auglýsingu og eðlilega leit finnst ekki aftur innan fjögurra mánaða.

2. gr. Vátryggingin bætir ekki

Félagið greiðir ekki bætur ef hesturinn deyr eða aflífa þarf hann vegna:

- Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.
Framangreint ákvæði á einnig við þegar vátryggingarupphæð er hækkuð, það er, eldri vátryggingarupphæð gildir.
- Heltis.
- Spatts eða annarra viðvarandi hreyfivandamála svo og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.
- Líkamlegra þroskahamlana.
- Brots eða sprungu í beinvef sem sýnir merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðnun (sclerosis) eða gigt.
- Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra síða (húslasta).
- Viðvarandi vandamála í öndunarfærum og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.
- Stífkrampa ef hesturinn hefur ekki verið bólusetur á fullnægjandi hátt.
- Fyrirmæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.

Afnotamissistrygging

1. gr. Vátryggingin bætir

- Félagið greiðir bætur ef hesturinn er úrskurðaður ónothæfur til reiðar eða vinnu í kjölfar sjúkdóms eða slyss og hefur sannanlega, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir dýralæknis, tapað til frambúðar eiginleikum sínum sem voru nauðsynlegir til reiðar eða vinnu vegna einhvers eftirfarandi:
 - Vegna sára.
 - Vegna brots eða sprungu í beinvef sem sýnir engin merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðnun (sclerosis) eða gigt.
 - Vegna sýkingar í liðamótum.
 - Vegna hófsperru (laminitis), kölkunar í hófbrjóski (sidebone ossification), hófbrjóskgangs (hoof cartilage fistula), hófkrabbameins (hoof cancer), sýkingar í hóf (hoof abscess), hófsprungu (hoof crack), klofins hófveggjar (hoofwall celt), hols hófveggjar (hollow wall), lélegs hornefnis (poor horn quality), hóftungurots (thrust) og krabbameins í frumum sem framleiða hornefni í hófvegg (keratoma).

- e. Vegna beinklökkva, bein- og brjóskkvellis (osteochondrosis) og annarra bein- og/eða brjóskagna. Þetta á við um kjúkuliði og hækil.
 - f. Vegna lungnabólgu (pneumonia).
 - g. Vegna viðvarandi (króníks) hjartagalla.
 - h. Vegna flutningaveiki (transportation disease) og brjósthimnubólgu (pleurisy).
 - i. Vegna síendurtekinnar hrossasóttar (colic).
 - j. Vegna húðsjúkdóma.
 - k. Vegna augnsjúkdóma.
 - l. Vegna bólgu í holrúmum höfuðkúpeina (sinusitis).
 - m. Vegna æxlis (neoplastic diseases, tumor diseases).
- Félagið greiðir ekki bætur fyrr en hesturinn hefur verið felldur.
2. Félagið greiðir hlutabætur þegar hestur hefur verið úrskurðaður ónothæfur til reiðar eða vinnu, vegna tilvika sem talin eru upp í 1. tl. þessarar greinar, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir og þjónustu dýralæknis, ef vátryggingartaki kýs að halda hestinum í ljósi þess að hesturinn telst hafa, að mati dýralæknis og að teknu tilliti til dýraverndunarsjónarmiða, náð nógu miklum bata til að lifa áfram.
 3. Greiði félagið bætur vegna hests sem hefur tapað notagildi sínu en lifir áfram, sendir félagið upplýsingar um minnkað notagildi hestsins til Bændasamtaka Íslands sem skráir þær í WorldFeng.

Vátryggingin bætir ekki

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

1. Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
Framangreint ákvæði á einnig við þegar vátryggingarupphæð er hækkuð, það er, eldri vátryggingarupphæð gildir.
2. Annarra sjúkdómsgreininga en þeirra sem tilgreindar eru í 1.tl. 1.gr. þessa kafla.
3. Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra síða (húslasta).
4. Stífkampa, ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt.

Sameiginleg ákvæði vegna reiðhestatryggingar

1. gr. Vátryggingarfjárhæð og bætur

Vátryggingarfjárhæð hestsins skal vera jafnhá og markaðsvirði hans og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðurkenndum verðleikum.

Vátryggingarfjárhæðir koma fram í vátryggingarskirteini og endurnýjunarkvittun.

Krafa umfram markaðsvirði hestsins er ekki greidd, þó að vátryggingarfjárhæð sé hærri en það.

2. gr. Ákvörðun bóta

Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði hestsins á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærri en vátryggingarfjárhæð.

Hlutabætur samkvæmt 2. tl. 1. gr. afnotamissistryggingar eru alltaf 100.000 kr. lægri en bætur hefðu orðið samkvæmt 1. tl. 1. gr. sömu tryggingar.

3. gr. Aldurstakmörk

Við endurnýjun vátryggingar á því almanaksári sem hesturinn verður 19 vetra lækkar vátryggingarfjárhæð um 20%, án þess að iðgjaldið lækki og síðan um 20% af eftirstöðvum fjárhæðarinnar hverju sinni við endurnýjun eftir það. Vátryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki á því almanaksári sem hesturinn verður 23 vetra.

VI. Kynbótahryssutrygging

Inngangur

Vátryggingin innifelur takmarkaða líftryggingu, afnotamissistryggingu og fyl og folaldatryggingu fyrir kynbótahryssu.

Takmörkuð líftrygging

1. gr. Vátryggingin bætir

Félagið greiðir bætur ef:

1. Hryssan deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
2. Hryssan er svo sjúk eða slösuð að tafarlaus aflífun er ráðlögð af dýralækni, þar sem lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.
3. Hryssan hverfur og þrátt fyrir auglýsingu og eðlilega leit finnst ekki aftur innan fjögurra mánaða.

2. gr. Vátryggingin bætir ekki

Félagið greiðir ekki bætur ef hryssan deyr eða aflífa þarf hana vegna:

1. Sjúkdóms sem hryssan fær innan 20 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
Framangreint ákvæði á einnig við þegar vátryggingarupphæð er hækkuð, það er, eldri vátryggingarupphæð gildir.
2. Heltis.
3. Spatts eða annarra viðvarandi hreyfivandamála svo og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.
4. Líkamlegra þroskahamlana.
5. Brots eða sprungu í beinvef sem sýnir merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðnun (sclerosis) eða gigt.
6. Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
7. Viðvarandi vandamála í öndunarferum og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.
8. Stífkrampa ef hryssan hefur ekki verið bólusett á fullnægjandi hátt.
9. Fyrimæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.

Afnotamissistrygging

1. gr. Vátryggingin bætir

1. Félagið greiðir bætur ef hryssan er úrskurðuð ónothæf til ræktunar, í kjölfar sjúkdóms eða slyss og hefur sannanlega, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir dýralæknis, tapað til frambúðar eiginleikum sínum sem voru nauðsynlegir til ræktunar vegna einhvers eftirfarandi:
 - a. Vegna alvarlegra áverka á kynfærum.
 - b. Vegna sjúkdóma og áverka vegna kóstunar.
 - c. Vegna æxlis (neoplastic diseases, tumor diseases).
 - d. Vegna sára.
 - e. Vegna brots eða sprungu í beinvef sem sýnir engin merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðnun (sclerosis) eða gigt.
 - f. Vegna hófsperru (laminitis), kölkunar í hófbrjóski (sidebone ossification), hófbrjóskgangs (hoof cartilage fistula), hófkrabbameins (hoof cancer), sýkingar í hóf (hoof abscess), hófspungu (hoof crack), klofins

hófveggjar (hoofwall celft), hols hófveggjar (hollow wall), lélegs hornefnis (poor horn quality), hóftungurots (thrust) og krabbameins í frumum sem framleiða hronefni í hófvegg (keratoma).

- g. Vegna flutningaveiki (transportation disease) og brjósthimnubólgu (pleurisy).
 - h. Vegna viðvarandi (króníks) hjartagalla.
 - i. Vegna síendurtekinnar hrossasóttar (colic).
 - j. Vegna húðsjúkdóma.
 - k. Vegna augnsjúkdóma.
 - l. Vegna bólgu í holrúmum höfuðkúpeina (sinusitis).
- Bætur eru ekki greiddar fyrir en hryssan hefur verið felld.

2. Félagið greiðir hlutabætur þegar hryssan hefur verið úrskurðuð ónothæf til ræktunar, vegna tilvika sem talin eru upp í 1.tl. þessarar greinar þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir og þjónustu dýralæknis, ef váttryggingartaki kýs að halda hryssunni í ljósi þess að hesturinn telst hafa, að mati dýralæknis og að teknu tilliti til dýraverndunarsjónarmiða, náð nógu miklum bata til að lifa áfram.

Greiði félagið bætur vegna hryssu sem er úrskurðuð ónothæf til ræktunar en lifir áfram, sendir félagið upplýsingar um minnkað notagildi hryssunnar til Bændasamtaka Íslands sem skráir þær í World Feng.

2. gr. Váttryggingin bætir ekki

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

1. Sjúkdóms sem hryssan fær innan 20 daga frá gildistöku váttryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
Framangreint ákvæði á einnig við þegar váttryggingarupphæð er hækkuð, það er, eldri váttryggingarupphæð gildir.
2. Annarra sjúkdómsgreininga en þeirra sem tilgreindar eru í 1.tl. 1.gr. þessa kafla.
3. Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra síða (húslasta).
4. Stífkampa, ef hryssan hefur ekki verið bólusettt á fullnægjandi hátt.

Fyl- og folaldatrygging

1.gr. Váttryggingin bætir

Félagið greiðir bætur sem nema 10% af líftryggingarfjárhæð hryssunnar fyrir fyl í hryssu eða folald ef hryssan er á aldrinum þriggja til átján vetra ef:

1. Fylið ferst á 91. degi eða síðar frá því að hryssan var síðast hjá stóðhesti, af völdum fósturláts, erfiðleika við köstun, eða dauða hryssunnar. Staðfesting dýralæknis á fósturláti þarf að liggja fyrir.
2. Ekkert fyl eða folald skilar sér hjá hryssu sem þó hefur verið staðfest fylfull með skoðun dýralæknis, ómskoðun eða blóðprófi. Skoðun þarf að hafa farið fram í fyrsta lagi 90 dögum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti. Sé stuðst við blóðpróf þarf „oestrone sulphate“ hlutfall í blóði að vera að lágmarki 75 nM/lítra, og prófið að hafa verið tekið í fyrsta lagi 110 dögum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti.
3. Folaldið drepst eða það þarf að aflífa það innan 30 daga frá fæðingu vegna meiðsla, sjúkdóms eða fæðingagalla.

Bætur eru aðeins greiddar út tvisvar á ævi hverrar hryssu. Sú takmörkun á þó ekki við ef folald ferst eða fella þarf það vegna áverka sem hljótast af slysi.

Ef um fjölburafæðingu er að ræða, eru aðeins greiddar bætur fyrir eitt folald (fyl). Ef eitthvert folaldanna lifir, eru engar bætur greiddar.

2. gr. Vátryggingin bætir ekki

Félagið greiðir ekki bætur ef:

1. Vátryggingin er tekin síðar en níu mánuðum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti. Sama á við ef hryssan deyr eða hún er felld vegna áverka og/eða sjúkdóms sem var til staðar þegar vátryggingin var keypt.

3. gr. Lok vátryggingar

Vátryggingin gildir þar til líftrygging er keypt fyrir folaldið eða þegar folald nær 30 daga aldri, hvort sem á undan verður.

Sameiginleg ákvæði vegna kynbótahryssutryggingar**1. gr. Vátryggingarfjárhæð og bætur**

Vátryggingarfjárhæð hryssunnar skal vera jafnhá markaðsvirði hennar og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðkenndum verðleikum.

Vátryggingarfjárhæðir koma fram í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

Krafa umfram markaðsvirði hryssunnar er ekki greidd, þó að vátryggingarfjárhæð sé hærri en það.

2.gr. Aldurstakmörk

Við endurnýjun vátryggingar á því almanaksári sem hryssan verður 19 vetra lækkar vátryggingarfjárhæð um 20%, án þess að iðgjaldið hækki og síðan um 20% af eftirstöðvum fjárhæðarinnar hverju sinni við endurnýjun eftir það. Vátryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki á því almanaksári sem hryssan verður 23 vetra.

VII. Takmörkuð líftrygging**1.gr. Vátryggingin bætir**

Félagið greiðir bætur ef:

1. Hesturinn deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
2. Hesturinn er svo sjúkur eða slasaður að tafarlaus aflífun er ráðlögð af dýralækni, þar sem lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.
3. Hesturinn hverfur og þrátt fyrir auglýsingu og eðlilega leit finnst ekki aftur innan fjögurra mánaða.

2. gr. Vátryggingin bætir ekki

Félagið greiðir ekki bætur ef hesturinn deyr eða aflífa þarf hann vegna þeirra ástæðna sem taldar eru upp í þessari grein:

1. Vegna sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.

Framangreint ákvæði á einnig við þegar vátryggingarupphæð er hækkuð, það er, eldri vátryggingarupphæð gildir.

2. Vegna heltis.
3. Vegna spatts eða annarra viðvarandi hreyfivandamála svo og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.
4. Vegna líkamlegra þroskahamlana.

5. Vegna brots eða sprungu í beinvef sem sýnir merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðnun (sclerosis) eða gigt.
6. Vegna geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
7. Vegna viðvarandi vandamála í öndunarferum og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.
8. Vegna stífkrampa ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt.
9. Ef aflífa þarf hestinn vegna fyrirmæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.

3. gr. Vátryggingarfjárhæð og bætur

Vátryggingarfjárhæð hestsins skal vera jafnhá og markaðsvirði hans og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðkenndum verðleikum.

Vátryggingarfjárhæðir koma fram á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

Krafa umfram markaðsvirði hestsins er ekki greidd, þó að vátryggingarfjárhæð sé hærri en það.

4. gr. Aldurstakmörk

Við endurnýjun vátryggingar á því almanaksári sem hesturinn verður 19 vetra lækkar vátryggingarfjárhæð um 20%, án þess að iðgjaldið hækki og síðan um 20% af eftirstöðvum fjárhæðarinnar hverju sinni við endurnýjun eftir það. Vátryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki á því almanaksári sem hesturinn verður 23 vetra.

VIII. Afnotamissistrygging fyrir kynbótahryssur

Inngangur

Vátryggingin innifelur afnotamissistryggingu og fyl- og folaldatryggingu. Hana er eingöngu hægt að taka sem viðbót við aðra vátryggingu sem inniheldur líftryggingarvernd.

Ákvæði um afnotamissistryggingu

1.gr. Vátryggingin bætir

1. Félagið greiðir bætur ef hryssan er úrskurðuð ónothæf til ræktunar, í kjölfar sjúkdóms eða slyss og hefur sannanlega, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir dýralæknis, tapað til frambúðar eiginleikum sínum sem voru nauðsynlegir til ræktunar vegna einhvers eftirfarandi:
 - a. Vegna alvarlegra áverka á kynfærum.
 - b. Vegna sjúkdóma og áverka vegna köstunar.
 - c. Vegna æxlis (neoplastic diseases, tumor diseases).
 - d. Vegna sára.
 - e. Vegna brots eða sprungu í beinvef sem sýnir engin merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðnun (sclerosis) eða gigt.
 - f. Vegna hófsperru(laminitis), kölkunar í hófbrjóska (sidebone ossification), hófbrjósgangs(hoof cartilage fistula), hófkrabbameins (hoof cancer), sýkingar í hóf (hoof abscess), hófsprungu (hoof crack), klofins hófveggjar (hoofwall cleft), hols hófveggjar (hollow wall), lélegs hornefnis (poor horn quality), hóftungurots (thrust) og krabbameins í frumum sem framleiða hornefni í hófvegg (keratoma).
 - g. Vegna flutningaveiki (transportation disease) og brjósthimnubólgu (pleurisy).
 - h. Vegna viðvarandi (króníks) hjartagalla.
 - i. Vegna síendurtekinnar hrossasóttar (colic).
 - j. Vegna húðsjúkdóma.
 - k. Vegna augnsjúkdóma.
 - l. Vegna bólgu í holrúmum höfuðkúpeina (sinusitis).Bætur eru ekki greiddar fyrr en hryssan hefur verið felld.

1. Félagið greiðir hlutabætur af vátryggingarfjárhæðinni þegar hryssan hefur verið úrskurðuð ónothæf til ræktunar, vegna tilvika sem talin eru upp í 1.tl. þessarar greinar þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir og

Þjónustu dýralæknis, ef vátryggingartaki kýs að halda hryssunni í ljósi þess að hesturinn telst hafa, að mati dýralæknis og að teknu tilliti til dýraverndunarsjónarmiða, náð nógu miklum bata til að lifa áfram.

Greiði félagið bætur vegna hryssu sem er úrskurðuð ónothæf til ræktunar en lifir áfram, sendir félagið upplýsingar um minnkað notagildi hryssunnar til Bændasamtaka Íslands sem skráir þær í World Feng.

2. gr. Vátryggingin bætir ekki

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- Sjúkdóms sem hryssan fær innan 20 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis. Framangreint ákvæði á einnig við þegar vátryggingarupphæð er hækkuð, það er, eldri vátryggingarupphæð gildir.
- Annarra sjúkdómsgreininga en þeirra sem tilgreindar eru í 1.tl. 1.gr. þessa kafla.
- Geðslagsvandamála, sjúklegar greddu eða slæmra síða (húslasta).
- Stífkrampa, ef hryssan hefur ekki verið bólusett á fullnægjandi hátt.

3. gr. Vátryggingarfjárhæð og bætur

Vátryggingarfjárhæð hryssunnar skal vera jafnhá og markaðsvirði hennar og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðkenndum verðleikum.

Vátryggingarfjárhæðir koma fram á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

Krafa umfram markaðsvirði hryssunnar er ekki greidd, þó að vátryggingarfjárhæð sé hærri en það.

4.gr. Aldurstakmörk

Við endurnýjun vátryggingar á því almanaksári sem hryssan verður 19 vetra lækkar vátryggingarfjárhæð um 20%, án þess að iðgjaldið hækki og síðan um 20% af eftirstöðvum fjárhæðarinnar hverju sinni við endurnýjun eftir það. Vátryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki á því almanaksári sem hryssan verður 23 vetra.

Ákvæði um fyl- og folaldatryggingu

1. gr. Vátryggingin bætir

Félagið greiðir bætur sem nema 10% af líftryggingarfjárhæð hryssunnar fyrir fyl í hryssu eða folald ef hryssan er á aldrinum þriggja til átján vetra ef:

- Fylið ferst á 91. degi eða síðar frá því að hryssan var síðast hjá stóðhesti, af völdum fósturláts, erfiðleika við köstun, eða dauða hryssunnar. Staðfesting dýralæknis á fósturláti þarf að liggja fyrir.
- Ekkert fyl eða folald skilar sér hjá hryssu sem þó hefur verið staðfest fylfull með skoðun dýralæknis, ómskoðun eða blóðprófi. Skoðun þarf að hafa farið fram í fyrsta lagi 90 dögum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti. Sé stuðst við blóðpróf þarf „oestrone sulphate“ hlutfall í blóði að vera að lágmarki 75 nM/lítra, og prófið að hafa verið tekið í fyrsta lagi 110 dögum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti.
- Folaldið drepst eða það þarf að aflífa það innan 30 daga frá fæðingu vegna meiðsla, sjúkdóms eða fæðingagalla.

Bætur geta aðeins verið greiddar út tvisvar á ævi hverrar hryssu. Sú takmörkun á þó ekki við ef folald ferst eða fella þarf það vegna áverka sem hljótast af slysi.

Ef um fjölburaefæðingu er að ræða, eru aðeins greiddar bætur fyrir eitt folald (fyl). Ef eitthvert folaldanna lifir, eru engar bætur greiddar.

2. gr. Vátryggingin bætir ekki

Félagið greiðir ekki bætur ef:

- Vátryggingin er tekin síðar en níu mánuðum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti. Sama á við ef hryssan deyr eða hún er felld vegna áverka og/eða sjúkdóms sem var til staðar þegar vátryggingin var keypt.

3. gr. Lok vátryggingar

Vátryggingin gildir þar til líftrygging er keypt fyrir folaldið eða þegar folald nær 30 daga aldri, hvort sem á undan verður.

IX. Ófrjósemistrygging fyrir stóðhesta

Inngangur

Hana er eingöngu hægt að taka sem viðbót við aðra vátryggingu sem inniheldur líftryggingarvernd.

Vátrygging þessi bætir varanlega skerðingu á frjósemi stóðhests eða missi líkamlegrar getu til að fylja hryssur vegna sjúkdóms eða slyss.

Hana er eingöngu hægt að taka sem viðbót við aðra vátryggingu sem inniheldur líftryggingarvernd.

Vátryggingin er eingöngu fyrir stóðhesta sem hafa sannanlega staðfesta hæfni til að fylja hryssur.

Notkunartímabil er skilgreint sem húsnótun og tvö samliggjandi gagnmál innan eins og sama almanaksársins. Notkunartímabil hefst sama dag og húsnótun eða fyrra gangmál hefst, og því lýkur sama dag og síðara gangmáli lýkur.

Við mat á hæfni hestsins til fyljunar er stuðst við stóðhestaskýrslu hestsins fyrir hvert notkunartímabil, og fyljunarhlutfall hans fyrir sama tímabil.

Fyljunarhlutfall er hlutfall hryssa sem hafa orðið fylfullar á móti heildarfjölda hryssa sem leiddar eru undir hestinn eða sæddar með sæði hans á hverju almanaksári.

Upplýsingar sem lagðar eru til grundvallar við útreikning fyljunarhlutfalls skulu fengnar úr fangvottorðum hryssa, sem móttekin eru og skráð af Bændasamtökum Íslands, í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 948/2002 um uppruna og ræktun íslenska hestsins.

Fyljunarhlutfall skal reikna í fyrsta lagi mánuði eftir lokaskilafrest til innsendinga á fangvottorðum til Bændasamtaka Íslands.

Til að vátryggingin verði virk á hverju notkunartímabili þurfa 15 hryssur eða fleiri að vera leiddar undir stóðhestinn eða sæddar með sæði hans á hverju notkunartímabili.

1. gr. Vátryggingin bætir

Félagið greiðir bætur vegna varanlegrar ófrjósemi stóðhests af völdum slyss eða sjúkdóms, sem hér segir:

- Vátryggingarfjárhæðin er greidd að fullu ef engin hryssa hefur orðið fylfull eftir stóðhestinn á notkunartímabilinu.
- 75% vátryggingarfjárhæðarinnar er greidd ef fyljunarhlutfall er 10% eða lægra á síðasta notkunartímabili. Félagið greiðir ekki bætur nema dýralæknir hafi, með skoðun og rannsókn, þ.m.t. rannsókn á magni og gæðum sæðisfruma, staðfest skerðingu eða algeran missi frjósemi sem rekja má beint til slyss eða sjúkdóms sem hesturinn hefur orðið fyrir á vátryggingartímanum.

Greiði félagið bætur skal hesturinn geldur. Bætur eru ekki greiddar fyrr en gelding hefur farið fram og staðfesting þar að lútandi send félaginu.

Verði hesturinn seldur ber seljanda að tilkynna kaupanda um hið takmarkaða notagildi hestsins.

2. gr. Vátryggingin bætir ekki

Félagið greiðir ekki bætur:

1. Vegna sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku vátryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem vátryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðilíts dýralæknis.
Framangreint ákvæði á einnig við þegar vátryggingarupphæð er hækkuð, það er, eldri vátryggingarupphæð gildir.
2. Vegna vandamála sem tengjast erfðagalla hans sem leiða til þess að taka þurfti hestinn úr ræktun.
3. Vegna geðslagsvandamála eða annarra geðsjúkdóma.
4. Vegna Spatts.

3. gr. Vátryggingarfjárhæð og bætur

Vátryggingarfjárhæðir koma fram á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

Vátryggingarfjárhæðin má ekki vera hærri en heildarupphæð þeirra líftrygginga sem eru í gildi fyrir stóðhestinn.

Félagið áskilur sér rétt til að breyta vátryggingarfjárhæð þegar vátryggingin er endurnýjuð með hliðsjón af markaðsvirði hestsins.

4. gr. Aldurstakmörk

Vátryggingin fellur niður og endurnýjast ekki á því almanaksári sem hesturinn verður 16 vetra.

5. gr. Bótageiðslur

Þegar bætur eru greiddar færast eignarréttur á frosnu sæði sem og kröfuréttur og bætur gagnvart þriðja aðila til félagsins.

6. gr. Skráning og upplýsingaskylda.

1. Vátryggingataki er ábyrgur fyrir að halda stóðhestaskýrslu um notkun hestsins og hversu oft hann er leiddur á hryssur. Einnig skal þar koma fram hvenær sæði er tekið úr hestinum og hryssur sæddar.
2. Tilkynna skal félaginu strax ef smitsjúkdómur kemur upp í hesthúsinu þar sem hann er geymdur eða á öðrum stað þar sem hann heldur til, og hætta er á að stóðhesturinn geti smitast af beinni snertingu, eða hann smiti hryssurnar og þar með haft áhrif á mögulega fyljun þeirra. Ef grunur leikur á að svo sé skal tafarlaust leita til dýralæknis.
3. Upplýsingar um fjölda fyljaðra hryssa skulu staðfestar með fyljunarvottorði frá Bændasamtökum Íslands.

X. Ábyrgðartrygging

Inngangur - hvenær eru menn skaðabótaskyldir?

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn bótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla og er hún grundvallarregla í íslenskum lögum eða réttarvenju. Ef sá sem sóttur er til greiðslu bóta á ekki sök á tjóninu ber hann yfirleitt ekki bótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér bótaábyrgð (að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera það sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar) og einnig að greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð að lögum er oft flókið álitaefni ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína sé hann krafinn bóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er honum bent á að lesa eftirfarandi ábyrgðartryggingarskilmála með þetta í huga.

Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann en ekki félagið. Váttryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt á hættu að þurfa sjálfur að greiða bætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

Er bótakrafa kemur fram á hendur váttryggðum á því sviði sem váttryggingin nær til á félagið rétt á að annast uppgjör og málsvörn ef til hennar kemur. Komi til dómsmáls sem varðar váttryggingu þessa og félaginu er einu stefnt, getur félagið krafist þess að málshöfðun sé einnig beint gegn váttryggðum. Félagið áskilur sér rétt til þess að fara með málið fyrir váttryggðan.

1. gr. Váttryggingin bætir

1. Váttrygt er gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan að íslenskum lögum sem eiganda hests, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.
2. Ábyrgðartryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar.

2. gr. Váttryggingin bætir ekki

1. Tjón sem fjölskylda váttryggðs eða umsjónaraðila hestsins verður fyrir. Til fjölskyldu teljast maki (sambúðarmaki) váttryggðs, börn og annað skyldulið, enda eigi þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.
2. Tjón á munum sem aðilar skv. 1. tl. hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu. Váttryggingin bætir heldur ekki tjón á munum, sem váttryggðu hafa tekið ófrjálsri hendi.
3. Skaðabótakröfu vegna tjóns á eignum, stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
4. Tjón sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum sem við eiga um viðkomandi dýrahald. Sama gildir um sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
5. Kaup, dagpeninga eða aðrar greiðslur, sem váttryggða ber samkvæmt lögum eða samningi að greiða manni sem orðið hefur fyrir slysi.
6. Tjón sem rekja má til þess að hestinum verði á mistök við starfa sinn.

3. gr. Váttryggingarfjárhæð

1. Hámarks váttryggingarfjárhæð í hverju tjóni nemur fjárhæð þeirri er kemur fram á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
2. Auk bóta til tjónþola greiðir félagið kostnað við málsvörn, enda þótt þetta samanlagt nemi hærri fjárhæð en váttryggingarfjárhæðinni.

4. gr. Eigin áhætta váttryggðs

1. Í hverju tjóni ber váttryggður í eigin áhættu 10%, þó ekki lægri fjárhæð en lágmarks eigin áhættu og ekki hærri fjárhæð en hámarks eigin áhættu.
2. Gildandi fjárhæðir koma fram í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
3. Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarks eigináhættu, þá greiðir félagið heldur ekki kostnað, þó krafan og kostnaðurinn verði að samanlögðu hærri en lágmark eigin áhættu.

Skilmálar þessir gilda frá 25. júlí 2008.

[Efst á skjal](#)